

Faroe Petroleum Norge AS, útibú á Íslandi
Höfðatúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. janúar 2013
Tilvísun: 2012030036/21.30.0
Verknúmer: 3011320

Efni: Fylgibréf með sérleyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu fyrir Faroe Petroleum Norge AS, útibú á Íslandi, Íslenskt Kolvetni ehf. og Petoro Iceland AS, útibú á Íslandi

Orkustofnun vísar til umsóknar Faroe Petroleum Norge AS og Íslensks Kolvetnis ehf., dags. 2. apríl 2012, um sérleyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni í samræmi við IV. kafla laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nr.13/2001 með síðari breytingum (kolvetnislaga) sem barst innan tilskilinna tímamarka annars útboðs sérleyfa á Drekasvæðinu sem hófst þann 3. október 2011 og lauk þann 2. apríl 2012. Faroe Petroleum Norge AS hefur stofnað útibú á Íslandi fyrir úthlutun leyfisins.

Með vísan til 4. mgr. 7. gr. laga nr. 13/2001 var óskað umsagnar umhverfisráðuneytis, með bréfi dags. 8. maí sl., og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, með bréfi dags. 4. maí sl., um framkomna umsókn Faroe Petroleum Norge AS og Íslensks Kolvetnis ehf. Orkustofnun vakti sérstaka athygli á þagnarskylduákvæði kolvetnislaganna, þ.e. 26. gr. a. þar sem í 1. mgr. er kveðið á um að upplýsingar sem varðveittar eru samkvæmt lögnum skuli vera undanþegnar aðgangi almennings samkvæmt upplýsingalögum, á gildistíma umsóttis leyfis. Einnig að starfsmenn Orkustofnunar, sbr. 2. mgr., sem annast eftirlit á grundvefli laganna séu bundnir þagnarskyldu og megi ekki að viðlagðri ábyrgð, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu. Með vísan til þessara ákvæða voru umsagnaraðilar beðnir um að virða þann trúnað sem um er fjallað í 26. gr. a. í lögum nr. 13/2001.

Orkustofnun barst umsögn umhverfisráðuneytis þann 30. ágúst sl. og umsögn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þann 18. júní sl.

Við mat á umsóknum varðandi tæknilega og jarðfræðilega þekkingu og getu umsækjanda til að annast þá starfsemi sem í leyfisveitingunni felst, með vísan til 1. mgr. 7. gr. kolvetnislaga, leitaði Orkustofnun faglegrar aðstoðar Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR) við mat á sérþekkingu og reynslu umsækjanda á sviði olíuleitar. Auk þess studdist Orkustofnun við mat sérfræðinga stofnunarinnar sem könnuðu m.a. feril umsækjanda og reynslu í hliðstæðri starfsemi erlendis. Einnig voru höfuðstöðvar Faroe Petroleum plc heimsóttar þar sem umsækjandi gerði frekari grein fyrir starfsemi sinni.

Álit ÍSOR barst Orkustofnun þann 11. september sl.

Við mat á umsóknum varðandi fjárhagslegt bolmagn umsækjanda til að annast þá starfsemi sem í leyfisveitingunni felst, með vísan til 1. mgr. 7. gr. kolvetnislaga, leitaði Orkustofnun faglegrar aðstoðar PricewaterhouseCoopers á Íslandi (PwC). Álit PwC barst Orkustofnun þann 10. september sl.

Orkustofnun hefur farið yfir umsókn Faroe Petroleum Norge AS og Íslensks Kolvetnis ehf. og umsagnir sem stofnuninni bárust. Jafnframt var norskum stjórnvöldum tilkynnt þann 30. október 2012 um ákvörðun Orkustofnunar, og drög að sérleyfi ásamt fylgigögnum send þeim til skoðunar.

PSA
Ulfar

Óskað var eftir formlegu svari Norðmanna við því hvort þeir hyggi á þátttöku í leyfunum í samræmi við samkomulag milli Íslands og Noregs, frá árinu 1981, sem felur í sér að Norðmenn hafi rétt á allt að 25% þátttöku í sérleyfum á hluta svæðisins.

Svar norska olíumálaráðuneytisins, barst Orkustofnun þann 3. desember 2012, þar sem sú ákvörðun að Petoro AS, olíufélag norska ríkisins, yrði þátttakandi í leyfunum, að fjórðungs hlut var kunngerð Orkustofnun, eins og samningur Íslands og Noregs gerir ráð fyrir, að fengnu samþykki norska Stórþingsins, sem samþykkti þátttöku norska ríkisins og olíufélags þess, Petoro AS, í verkefningu á fundi sínum þann 19. desember 2012, sbr. bréf norska olíumálaráðuneytisins dags. sama dag. Þá liggur fyrir að Petoro AS mun einnig taka þátt í þeim hluta svæðisins sem er utan samningssvæðis Íslands og Noregs, með samþykki Faroe Petroleum Norge AS og Íslensks Kolvetnis ehf. og hefur Orkustofnun fallist á þá niðurstöðu. Dótturfélag Petoro As, Petoro Iceland AS, hefur stofnað útibú á Íslandi fyrir úthlutun leyfisins.

I. Umsagnir umhverfisráðuneytisins og undirstofnana þess

Í umsögn umhverfisráðuneytis, dags. 30. ágúst sl., kemur fram að ráðuneytið hafi leitað álits Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skipulagsstofnunar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 4. júlí sl., er vakin athygli á skorti á upplýsingum um lífríkið á Drekasvæðinu, sem komi m.a. fram í gögnum frá umsækjendum. Náttúrufræðistofnun vekur athygli á að það sé ekki fyrr en kemur að tilraunaborunum sem rannsóknir séu matskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Matið eigi að leiða í ljós hvort nægjanleg gögn séu fyrir hendi svo hægt sé að segja til um hvort líkleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda séu ásættanleg eða ekki og hvort hægt sé að bregðast við mengunarslysum, ef með þarf, með viðeigandi mótvægisáðgerðum. Stofnunin bendir á að íslensk stjórnvöld, ráðuneyti og stofnanir hafi ekki áður þurft að takast á við oliuvinnslu og þau mál sem kunnir að koma upp í slíku ferli og því sé mikilvægt að undirbúa ráðuneyti og stofnanir vel og nýta vel þann tíma sem gefst á komandi árum.

Í umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 25. júní sl., sem unnin er út frá verksviði og sérþekkingu stofnunarinnar, er einkum fjallað um fyrirhugaðar rannsóknarboranir, en slíkar boranir eru tilkynningarskyldar til stofnunarinnar samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, tölul. 2c, lið vi í 2. viðauka. Skipulagsstofnun bendir á að skv. 7. gr. laganna sé að finna heimild til að mæla svo fyrir í reglugerð að framkvæmd er varði alþjóðsamninga, sem Ísland er aðili að, skuli háð mati á umhverfisáhrifum ef sýnt er að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þá segir í umsögn Skipulagsstofnunar að ljóst sé að rannsóknarboranir séu umfangsmiklar framkvæmdir sem feli í sér margskonar áhrif á umhverfið á viðkvæmu svæði og því augljóst að afla þurfi margvíslegra gagna til að hægt sé að hefja viðeigandi málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Komi til þess að rannsóknarboranir verði matskyldar og um þær gildi málsmeðferð samkvæmt IV. kafla laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þurfi einnig að hafa í huga að þar með geti framkvæmdin fallið undir 19. gr. laganna, sé líklegt að framkvæmdin geti haft umtalsverð áhrif í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Skipulagsstofnun telur rétt að vekja athygli á því að umsækjendur hugi tímanlega að þessum þætti og geri ráð fyrir því í tímaáformum sínum. Þá vekur Skipulagsstofnun athygli á því að umsækjendur þurfi að skila gögnum til stofnunarinnar á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerðar nr. 1123/2005, á íslensku og sem opinber gögn aðgengileg almenningsi, komi til þess að rannsóknarboranir verði matskyldar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 13. júlí sl., er minnt á ítarlega umfjöllun um olíuleit á Drekasvæðinu í skýrslu iðnaðarráðuneytisins, *Olíuleit á Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg*, frá árinu 2007 og telur stofnunin að enn sé hægt að byggja umfjöllun um umhverfismál vegna

þSA
ChR.

framkvæmdanna að verulegu leyti á þeim greiningum sem komi fram í skýrslunni, en sú vinna féll undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Frá þeim tíma hafi átt sér stað lagabreytingar, í samræmi við niðurstöðu úttektar Umhverfisstofnunar á lagaumhverfi vegna undirbúnings, leitar og vinnslu kolvetna í lögsögu Íslands, m.a., sbr. lög nr. 166/2008 um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er fjallað um hljóðbylgjumælingar og vikið að leiðbeiningum Joint Nature Conservation Committee (alþjóðlegrar ráðgefandi stofnunar í umhverfismálum) um hvernig beri að haga hljóðbylgjumælingum til að sjávarspendýr séu trufluð sem allra minnst. Þó stofnuninni sé ekki kunnugt um hvalagengd á tilgreindu svæði, telur stofnunin eðlilegt að leitað sé eftir upplýsingum frá Hafrannsóknastofnuninni þar að lútandi.

Þá tekur Umhverfisstofnun undir ábendingu Skipulagsstofnunar og mælir með því að umhverfisráðuneytið nýti sér heimild í lögum um mat á umhverfisáhrifum til þess að mæla fyrir um að rannsóknarboranir verði alltaf háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn umhverfisráðuneytis, dags. 30. ágúst sl., kemur fram að ráðuneytið leitaði fyrrgreindra álita Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skipulagsstofnunar. Fram kemur að umhverfisráðuneytið hafi fjallað um umsóknir þriggja aðila um sérleyfi til rannsókna á olíu á hafsbotni á Drekasvæðinu og kosið að veita eina umsögn um umsóknirnar þrjár, „enda eru þær um flest líkar og varða sama svæði, athafnir, möguleg umhverfisáhrif og lagalegt umhverfi“, eins og segir í umsögn ráðuneytisins. Vísað er til rannsóknaráætlana umsækjendanna þriggja, sem settar eru fram í 3-4 áföngum, en í álitum stofnana umhverfisráðuneytisins kemur fram að skipta megi þeim í grófum dráttum í tvo áfanga út frá umhverfissjónarmiðum: 1) almennar undirbúningsrannsóknir, hljóðbylgjumælingar o.þ.h. og 2) rannsóknarboranir og skyldar framkvæmdir.

Varðandi fyrri þáttinn sé líklegt að umhverfisáhrif verði takmörkuð og lítið rask af rannsóknum, en Umhverfisstofnun bendi á að hljóðbylgjumælingar geti mögulega valdið truflun á lífríki sjávar. Telur ráðuneytið rétt að skoða atriði í sambandi við slíkar mælingar sem fram koma í skýrslu OSPAR-samningsins frá 2009 um vernd NA-Atlantshafsins frá árinu 2009. Ráðuneytið tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar um að rétt sé að hafa samráð við Hafrannsóknastofnunina um tímasetningu og tilhögun slíkra mælinga, svo tryggt sé að þær trufla ekki að óþörfu göngur eða hrygningu fiska.

Umhverfisráðuneytið leggur áherslu á að rannsóknarboranir geti haft veruleg umhverfisáhrif og að nauðsynlegt sé að undirbúa þær gaumgæfilega og bendir á að undirstofnanirnar veki athygli á ítarlegri umfjöllun í fyrrgreindri skýrslu frá árinu 2007, en þar sé m.a. fjallað um fyrirkomulag umhverfismála, vinnuöryggis og hollustuverndarmála. Ljóst sé að rannsóknarboranir falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Slíkar boranir séu tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. laganna. Umhverfisráðuneytið vekur athygli á að í umsögn Skipulagsstofnunar komi fram að skv. 7. gr. laganna sé að finna heimild til að mæla fyrir um í reglugerð að framkvæmd er varði alþjóðsamninga, sem Ísland er aðili að, skuli háð mati á umhverfisáhrifum ef sýnt er að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Ráðuneytið tekur fram af þessu tilefni að rétt sé að setja reglugerð þess efnis að rannsóknarboranir eftir olíu á hafsbotni séu í öllum tilvikum matsskyldar en ekki aðeins tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar og bendir á í því sambandi „að rannsóknarholur verða nær sjálfkrafa vinnsluhæfar holur ef þær hitta á olíulind.“

Umhverfisráðuneytið vekur, í umsögn sinni, athygli á því umtalsefni allra stofnana ráðuneytisins sem snýr að viðbúnaði stjórnvalda við hugsanlegri olíuvinnslu á Drekasvæðinu, að því fari fjarri að stjórnsýslan og þjóðfélagið sé vel undirbúið fyrir mögulega olíuvinnslu á svæðinu, þótt lagaleg umgjörð hafi verið sett og ítarlegar leiðbeiningar megi finna í fyrrgreindri skýrslu frá 2007. Ráðuneytið vísar í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar sem bent er á að skortur sé á

BSA
CL A

upplýsingum um lífríkið á Drekasvæðinu og að betur þurfi að skoða í ljósi fyrirhugaðrar olíuvinnslu ýmsa þætti, s.s. lífríki, strauma og samspil mismunandi umhverfisþátta sérstaklega m.t.t. umhverfissýsla, en í álit Nattúrufræðistofnunar segi að „mengunarslys á þessu svæði geti haft mjög alvarleg áhrif m.a. vegna kulda og hversu viðkvæmt lífríki norðurslóða almennt er.“

Í umsögn umhverfisráðuneytisins kemur fram það mat ráðuneytisins að byggja þurfi upp aukna þekkingu og bolmagn hjá stjórnvöldum og sérfræðistofnunum sem komi að mögulegri olíuvinnslu í íslenskri lögsögu áður en rannsóknir komist á það stig að farið sé að undirbúa rannsóknarboranir. Þá telur ráðuneytið, að rannsóknarboranir á síðari stigum rannsóknaráætlunarinnar þurfi að fara í gegnum ítarlega skoðun í mati á umhverfisáhrifum við útgáfu starfsleyfis og hyggst taka af öll tvímæli um matskyldu rannsóknarborana eftir olíu á hafsbotni í reglugerðarákvæðum sem ráðuneytið hyggst setja. Í umsóknunum er gert ráð fyrir að undirbúningur að tilraunaborunum geti hafist eftir 4 – 8 ár, gefi fyrri áfangar rannsókna tilefni til slíks. Þótt reynslan sýni að langur tími geti liðið frá því að leit að olíu á hafsbotni hefst fyrir alvöru þar til vinnsla hefst, ef vinnanlega olíu sé að finna á annað borð, þá þurfi engu að síður að nýta þann tíma til að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, efla stjórnsýslu, gera áhættumat og koma upp nauðsynlegum viðbúnaði gegn hugsanlegum óhöppum. „Hugsanleg vinnsla olíu og gass í íslenskri lögsögu hefur mikla áhættu jafnt sem tækifæri í för með sér, sem þarfnast vandaðs undirbúnings og viðbúnaðar,“ segir í umsögn umhverfisráðuneytisins þar sem einnig er bent á að álit undirstofnananna þriggja geymi ítarlegri umsögn um einstök atriði og gagnlegar ábendingar.

II. Umsagnir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunarinnar

Í umsögn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, dags. 18. júní sl., kemur fram að ráðuneytið leitaði álits Hafrannsóknastofnunarinnar, dags. 14. júní sl., og vísar til þess álits í umsögn sinni. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar segir að ekki sé mikil fiskigengd eða mikið um ferðir hvala eða annarra sjávarspendýra á Drekasvæðinu en hugsanlega hafi ferðir hvala hliðrast eitthvað norðar en áður í ljósi hlýnnunar á Íslandsmiðum, en um það liggi ekki fyrir upplýsingar. Ekki sé talin hætta á að hljóbylgjumælingar valdi tjóni á fiski- eða hvalastofnum, en erlendar mælingar hafi sýnt að slíkar mælingar geti fælt þessar tegundir af rannsóknarsvæðinu tímabundið. Þess vegna er ekki talið æskilegt að þær fari fram á fiskveiðisvæðum á þeim tíma árs sem veiðar standi yfir. Hafrannsóknastofnunin telur, þar sem fiskveiði á rannsóknarsvæðinu hafi verið mjög lítil undanfarin ár, þá séu litlar líkur á að rannsóknir vegna olíuleitar verði til skaða fyrir veiðar, þó aldrei sé hægt að útiloka breytt göngumynstur fiskistofna. Því þurfi að taka tillit til þeirra ef veiðar verði mikilvægar á svæðinu í framtíðinni.

III. Fjárhagslegt bolmagn umsækjanda

Við mat á umsóknum varðandi fjárhagslegt bolmagn umsækjanda til að annast þá starfsemi sem í leyfisveitingunni felst, sbr. 7. gr. kolvetnislaga, leitaði Orkustofnun faglegrar aðstoðar Pricewaterhouse- Coopers á Íslandi (PwC).

Skýrsla PwC, dags. 10. september 2012, um fjárhagslegan styrk umsækjanda var unnin fyrir Orkustofnun í trúnaði og verður því ekki birt opinberlega. Skýrslan er lögð til grundvallar mati Orkustofnunar á því hvort umsækjandi hafi nægjanlega fjárhagslega burði til þess að framkvæma rannsóknir á kolvetni á Drekasvæðinu í samræmi við rannsóknaráætlun umsóknarinnar. Vinna PwC fól í sér mat á fyrirfram skilgreindum þáttum í fjárhag umsækjanda, en ekki tæmandi könnun.

PSA
Unn.

Umsækjandi skilaði inn fjárhagslegum upplýsingum til Orkustofnunar í samræmi við útboðslýsingu annars útboðs sérleyfa á Drekasvæðinu. PwC sendi umsækjanda gagnalista til að fá ítarlegri fjárhagslegar upplýsingar. Meðal þess sem óskað var eftir sérstaklega var kostnaðaráætlun verkefnisins. Umsækjandi veitti PwC ekki slíkar viðbótarpplýsingar og var Orkustofnun meðvituð um þá ákvörðun umsækjanda og samþykkti áframhaldandi vinnu með þeim gögnum sem lágu fyrir. Greining PwC byggði því einungis á þeim fjárhagslegu gögnum sem umsækjandi lagði fram í samræmi við útboðslýsingu.

Niðurstöður greiningar PwC voru eftirfarandi:

Móðurfélag umsækjanda, Faroe Petroleum plc, hefur umbreytt milli árunna 2010-2011 frá því að vera leitar- og rannsóknarfélag, yfir í að vera einnig framleiðslufélag í olíuönaði. Sú breyting hefur því orðið að flestir mælikvarðar fjárhagslegs styrkleika sem byggja á sjóðstreymi sýna þróun í jákvæða átt. PwC tekur þó fram að aðeins er horft á styrkleika sjóðstreymis félagsins að takmörkuðu leyti.

Meginstyrkleiki Faroe Petroleum plc, að mati PwC, er efnahagur félagsins. Handbært fé var ríflega 176 mUSD um síðustu áramót og félagið hafði einnig til reiðu tvær ódregnar lánalínur sambankaláns, samtals að fjárhæð 427 mUSD. Heildar fjárfestingargeta félagsins nam því yfir 600 mUSD um síðustu áramót, án þess að tekið sé tillit til sjóðstreymis. Þá ber einnig að horfa til þess að engar vaxtaberandi skuldir voru í bókum félagsins á sama tíma og eiginfjárlutfall var yfir 60%.

Tímarammi leyfis til rannsókna og vinnslu nær yfir mörg ár og á þeim tíma getur fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækja breyst. Vegna þessa leggur PwC til að Orkustofnun krefjist þess að umsækjandi veiti stofnuninni sömu fjárhagslegu upplýsingar innan tímaramma sérleyfisins og þeim er skylt að veita lánveitendum skv. sérstökum skilmálum (e. covenants).

Í skýrslu PwC var vakin athygli á tilteknum fjárhagslegum kennitölum í rekstri móðurfélags umsækjanda, Faroe Petroleum plc. Krafa um ofangreindar fjárhagslegar upplýsingar umsækjanda gerir Orkustofnun kleift að fylgjast með þeim ásamt þeim breytingum sem kunna að verða í rekstri umsækjanda innan tímaramma leyfisins.

Það er mat Orkustofnunar að Faroe Petroleum Norge AS og Íslenskt Kolvetni ehf., sameiginlega sem umsækjandi, uppfylli skilyrði 1. mgr. 7. gr. kolvetnislaga um fjárhagslegt bolmagn til að annast þá starfsemi sem í leyfisveitingunni felst og eins og henni er lýst í rannsóknaráætluninni, enda beri móðurfélagið Faroe Petroleum plc fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum vegna leyfisins. Það er einnig mat Orkustofnunar að þar sem tímarammi leyfisins nái yfir mörg ár geti fjárhagslegur styrkleiki leyfishafa breyst á þeim tíma. Þess vegna gerir Orkustofnun þá kröfu til leyfishafa að hann veiti stofnuninni sömu fjárhagslegu upplýsingar innan tímaramma leyfisins og leyfishafa er skylt að veita lánveitendum skv. sérstökum skilmálum (e. covenants) þannig að stofnunin geti metið á reglulegan hátt fjárhagslegan styrkleika leyfishafa, sem er forsenda leyfisveitingarinnar með vísan til 3. mgr. 15. kafla leyfisins og 1. mgr. 24. gr. a. kolvetnislaga.

Það er einnig mat Orkustofnunar að Petoro Iceland AS hafi fjárhagslegt bolmagn, með norska ríkið að bakhjarli, til að takast á við verkefnið.

IV. Tæknileg færni umsækjanda

Við mat á umsóknum varðandi tæknilega getu umsækjanda til að annast þá starfsemi sem í leyfisveitingunni felst, með vísan til 1. mgr. 7. gr. kolvetnislaga, leitaði Orkustofnun faglegrar aðstoðar Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR). ÍSOR lagði mat á tæknilega- og jarðfræðilega þekkingu og getu umsækjanda á sviði olíuleitar og reynslu hans á því sviði. Auk þess könnuðu sérfræðingar Orkustofnunar m.a. feril umsækjanda og reynslu hans í hliðstæðri starfsemi erlendis og höfuðstöðvar móðurfélagsins, Faroe Petroleum plc, í Aberdeen voru heimsóttar þar sem umsækjandi

PSA

UNP

gerði frekari grein fyrir starfsemi sinni.

Það er mat Orkustofnunar að umsókn Faroe Petroleum Norge AS og Íslensks Kolvetnis ehf., uppfylli sameiginlega skilyrði 1. mgr. 7. gr. kolvetnislaga um tækni- og jarðfræðilega getu umsækjanda til að annast þá starfsemi sem í leyfisveitingunni felst, eins og henni er lýst í rannsóknaráætlun umsækjanda.

Það er einnig mat Orkustofnunar að Petoro Iceland AS hafi tæknilega getu til að takast á við verkefnið.

V. Sérstakar ábendingar Orkustofnunar

Orkustofnun bendir á að þær heimildir sem Faroe Petroleum Norge AS, útibú á Íslandi, Íslenskt Kolvetni ehf. og Petoro Iceland AS, útibú á Íslandi, fá með leyfinu samkvæmt kolvetnislögum, fela í sér einkarétt til rannsókna á tilteknu afmörkuðu svæði sem fjallað er um í leyfinu. Einungis má veita slíkt leyfi aðilum sem að mati Orkustofnunar hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bofmagn til að annast starfsemina sbr. 1. mgr. 7. gr. kolvetnislaga. Eins og að framan greinir er það mat Orkustofnunar að útibú Petoro Iceland AS á Íslandi og útibú Faroe Petroleum Norge AS á Íslandi ásamt Íslensku Kolvetni ehf. uppfylli nefnd skilyrði, í þeim hlutföllum sem samstarfið gerir ráð fyrir sbr. 1. mgr. 7. gr. kolvetnislaga og að útibú Faroe Petroleum Norge AS á Íslandi uppfylli skilyrði 1. mgr. 10. gr. a. kolvetnislaga sem rekstraraðili leyfisins.

Kolvetnislögin skilgreina ekki sérstaklega hvað felist í rannsóknum eða vinnslu eða hvaða skilyrði séu sett fyrir einstökum rannsóknarframkvæmdum né til hvaða þátta beri að líta vegna rannsókna í rannsóknaráætlun umsækjenda. Orkustofnun vekur þess vegna sérstaka athygli á umsögn umhverfisráðuneytisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem bendir á að skortur sé á upplýsingum um lífríkið á Drekasvæðinu sem betur þurfi að skoða, í ljósi fyrirhugaðrar olíuvinnslu, s.s. lífríki, strauma og samspil mismunandi umhverfisþátta sérstaklega m.t.t. umhverfisslysa, en í áliti Náttúrufræðistofnunar segir að mengunarslys á þessu svæði geti haft mjög alvarleg áhrif m.a. vegna kulda og hversu viðkvæmt lífríki norðurlóða almennt er.

Orkustofnun leggur einnig áherslu á að tillit sé tekið til þess við endurvarpsmælingar, ef veiðar verða mikilvægar á svæðinu við breytt göngumynstur fiskistofna, sem ekki er hægt að útiloka, að þess sé gætt að valda ekki tjóni á fiskistofnum eða hvalastofnum, en reynsla erlendis hefur sýnt að slíkar mælingar geta fælt þessar tegundir af rannsóknarsvæðinu tímabundið eins og segir í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Orkustofnun vekur sérstaka athygli á 13. gr. kolvetnislaga sem kveður á um að gæta skuli fyllsta öryggis við rannsóknir og vinnslu kolvetnis og þess að starfsemin sé í samræmi við góða alþjóðlega venju við svipaðar aðstæður. Starfsemin skal ekki leggja ónauðsynlega hættu eða tálmanir á samgöngur, fiskveiðar eða aðra starfsemi.

Þá bendir Orkustofnun á að í leyfinu er að finna fyrirvara um að rannsóknarboranir, sem og aðrar framkvæmdir, kunni að vera háðar öðrum leyfisveitingum. Þetta á m.a. við um mat á umhverfisáhrifum. Rannsóknarboranir, sem um er fjallað í 5. kafla leyfisins og fylgiskjali 4 með leyfinu, og borholur sem boraðar eru til viðbótar við áður áætlaðar borholur, með samþykki Orkustofnunar, eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, þótt slíkar rannsóknir séu hluti af rannsóknaráætlun samkvæmt leyfinu. Orkustofnun vekur athygli á, í þessu sambandi, að í umsögn umhverfisráðuneytisins er fjallað um heimild til að mæla fyrir um í reglugerð að framkvæmd er varði alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, skuli háð mati á umhverfisáhrifum, ef sýnt er að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, skv. 7. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Jafnframt tekur umhverfisráðuneytið fram í umsögn sinni, af því tilefni, að rétt sé að setja reglugerð þess efnis að rannsóknarboranir eftir olíu á hafsbotni séu í öllum tilvikum matsskyldar en ekki aðeins tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar.

PSA
Ch. A.

Orkustofnun tekur undir það sjónarmið umhverfisráðuneytisins að rannsóknarboranir geti haft veruleg umhverfisáhrif og að nauðsynlegt sé að undirbúa þær gaumgæfilega sbr. ítarlega umfjöllun í áður nefndri skýrslu um olíuleit á Drekasvæðinu frá árinu 2007, sem unnin var í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 en í henni er m.a. fjallað um fyrirkomulag umhverfismála, vinnuöryggis- og hollustuverndarmála.

Orkustofnun hefur vakið athygli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins á þeirri fyrirætlan umhverfisráðuneytisins [nú umhverfis- og auðlindaráðuneytisins] að rannsóknarboranir eftir olíu á hafsbotni verði háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í lýsingu á kröfum varðandi framkvæmda- og vinnsluáætlun í 7. kafla leyfisins er kveðið á um það í 3. mgr. b. lið að áætlunin skuli innihalda álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum áætlaðra framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Orkustofnun bendir á að þar segir einnig að Orkustofnun geti krafist breytinga eða viðbóta við umhverfismatið ef stofnunin telur matið ekki fullnægjandi.

Samkvæmt 14. gr. kolvetnislaga mega boranir í jarðlög undir hafsbotni einungis hefjast að fengnu samþykki Orkustofnunar á búnaði, áætlun um borun og starfsfyrirkomulagi. Þá vekur Orkustofnun einnig athygli leyfishafa á ákvæðum 15. og 16. gr. laganna um hafstöðvar.

Orkustofnun bendir á að til samræmis við 7. mgr. 10. gr. kolvetnislaga skal leyfishafi sjá til þess að kolvetnisstarfsemi fari fram á ábyrgan hátt og í samræmi við gildandi löggjöf á hverjum tíma. Í því sambandi vill Orkustofnun vekja sérstaka athygli á 22. kafla leyfisins sem segir að öll starfsemi leyfishafa skuli falla undir lög og reglur sem eru í gildi á hverjum tíma á Íslandi. Leyfið undanþiggur því ekki leyfishafa frá því að afla sér annarra leyfa og samþykktu sem nauðsynleg eru samkvæmt kolvetnislögum og öðrum gildandi lagaheimildum. Starfsemi skal taka tillit til góðrar nýtingar auðlindarinnar, sem og öryggis- og almannahagsmuna. Ráðstafanir leyfishafa varðandi skipulag og stærð starfseminnar skulu vera þannig að leyfishafi geti á hverjum tíma tekið upplýstar ákvarðanir um kolvetnisstarfsemi sína. Til að tryggja eftirfylgni um ráðstafanir leyfishafa getur Orkustofnun, telji hún það nauðsynlegt með tilliti til umfangs kolvetnisstarfsemi leyfishafa, sett fram sérstakar kröfur um ráðstafanir leyfishafa og staðsetningu stöðva þeirra. Þá bendir Orkustofnun einnig á að leyfið takmarkar heldur ekki hinn almenna rétt íslenska ríkisins til skattlagningar eða leyfi ríkisins til að setja fram almenn ákvæði er varða sértæka þætti kolvetnisstarfseminnar.

Orkustofnun ítrekar að fyrirhugaðar framkvæmdir leyfishafa í kjölfar útgáfu þessa sérleyfis eru eða geta verið háðar leyfum þar til bærri yfirvalda.

Þá bendir Orkustofnun á ákvæði laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, sem kunna eftir atvikum að eiga við, sem og ákvæði siglingalaga nr. 34/1985. Leyfishafi skal, samkvæmt 9. kafla leyfisins, virða öll fyrirliggjandi réttindi annarra þar sem leyfið takmarkar ekki lögmætar athafnir þriðja aðila innan leyfissvæðisins sbr. 9. kafla leyfisins.

Orkustofnun hefur eftirlit með því að leyfishafi starfi samkvæmt kolvetnislögum og leyfinu sbr. 1. mgr. 24. gr. kolvetnislaga og 14. kafla leyfisins. Leyfishafi skal endurgreiða Orkustofnun kostnað vegna eftirlits með leyfinu geri stofnunin kröfu um slíka endurgreiðslu. Sé leyfið veitt fleiri en einum aðilum, þá eru þeir ábyrgir saman sem og hver fyrir sig gagnvart Orkustofnun fyrir slíkum greiðslum.

Orkustofnun bendir á að leyfishafa beri í hvívetna að fara að lögum í umgengni um rannsóknarsvæði, taka tillit til umhverfissjónarmiða við rannsóknir og framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum sbr. einnig 12. gr. kolvetnislaga um skyldur leyfishafa að loknum leyfistíma.

PSA
C. R.

Orkustofnun ítrekar að ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um náttúruvernd gilda um allar framkvæmdir leyfishafa þrátt fyrir útgáfu þessa leyfis. Er sérstaklega bent á að um vernd rannsóknarsvæðis gildi lög um náttúruvernd nr. 44/1999 en þau lög gilda samkvæmt 4. gr. laganna á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Leyfi þetta raskar því á engan hátt þeirri vernd sem náttúru og umhverfi er tryggð með öðrum lögum.

Orkustofnun vekur athygli leyfishafa á 28. gr. kolvetnislaga, sem kveður á um skaðabótaskyldu leyfishafa, sbr. 18. kafla leyfisins, vegna hvers konar tjóns sem stafar af kolvetnisstarfsemi, þar á meðal umhverfisspjalla, án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar. Orkustofnun og íslenska ríkið skal vera skaðlaust af öllum bótaskyldum atburðum gagnvart þriðja aðila sem tengjast leyfishafa vegna starfsemi hans og leggur þess vegna áherslu á mikilvægi móðurfélagstryggingar sbr. fylgiskjal 6 með leyfinu.

Með vísan til framanritaðs og í samræmi við IV. kafla laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, samkvæmt öðru útboði sérleyfa á Drekasvæðinu sem hófst þann 3. október 2011 og lauk þann 2. apríl 2012, veitir Orkustofnun hér með útibúi Faroe Petroleum Norge AS á Íslandi, Íslensku Kolvetni ehf. og útibúi Petoro Iceland AS á Íslandi sérleyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu sbr. meðfylgjandi leyfi ásamt fylgiskjölum.

Gjöldum vegna leyfis þessa er lýst í 11. og 12. kafla leyfisins.

Gjald vegna veitingar sérleyfis þessa til rannsókna kolvetnis, sbr. 7. gr. kolvetnislaga, er kr. 850.000, með vísan til 2. tölul. 3. mgr. 30. gr. a. og skal það greiðast til Orkustofnunar. Leyfið er afhent við greiðslu gjaldsins ásamt þeim af neðangreindum gjöldum sem ber að greiða við útgáfu leyfisins.

Verði leyfið framlengt til vinnslu skal greiða Orkustofnun 1.350.0000 kr. með vísan til 3. tölul. 3. mgr. 30. gr. a. kolvetnislaga.

Árlega skal leyfishafi greiða Orkustofnun 1.000.000 kr. til að standa straum af kostnaði við eftirlit, frágang og varðveislu gagna samkvæmt lögnum, sbr. 5. mgr. 30. gr. a. Gjald þetta verður innheimt 1. febrúar ár hvert meðan leyfið er í gildi.

Gjald fyrir afnot af leyfissvæði, sem Orkustofnun innheimtir, skal greiða árlega til ríkissjóðs. Svæðisgjaldið er byggt á flatarmáli svæðisins skv. 7. mgr. 7. gr. kolvetnislaga, en það er 2.704 ferkílómetrar.* Svæðisgjaldið skal greiðast árlega, í fyrsta sinn 27.040.000 kr. við útgáfu leyfisins og síðan árlega eftir það reiknuð upphæð eins og nánar er kveðið á um í 11. kafla leyfisins. Gjöld samkvæmt leyfinu eru háð breytingum á kolvetnislögum.

Orkustofnun vekur einnig athygli á að leyfishafi skal greiða Orkustofnun stofnframlag að upphæð 1.000.000 kr. sem og árlegt framlag, á gildistíma leyfisins, að upphæð kr. 5.000.000 til sérstaks menntunar- og rannsóknarsjóðs skv. 8. mgr. 10. gr. kolvetnislaga og reglugerð nr. 39/2009 um Kolvetnisrannsóknarsjóð, með síðari breytingum.

Áður nefnt stofnframlag skal greiðast við útgáfu leyfisins og árlegt framlag skal greiðast, í fyrsta sinn við útgáfu leyfisins og síðan árlega eftir það. Sé gjaldið ekki greitt á eindaga skal leyfishafi greiða vexti skv. grunnvöxtum Seðlabankans á hverjum tíma að viðbættum 6 % vöxtum sem reiknast frá gjalddaga þar til greiðslan er innt af hendi.

Upphæðir og aðrir skilmálar varðandi Kolvetnisrannsóknarsjóð eru háð breytingum á kolvetnislögum og reglugerð nr. 39/2009.


PSA
u r.


Ákvarðanir Orkustofnunar, er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt kolvetnislögum, sæta kærú til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærúna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kærú til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kærú til ráðherra. Kærú til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð máls fer að öðru leyti skv. ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

*) við útgáfu leyfisins.

Virðingarfyllt,
f. h. orkumálastjóra


Þórarinn Sveinn Arnarson


Skúli Thoroddsen

Afrit sent til:

Íslensks Kolvetnis ehf. og Petoro Iceland AS, útibús á Íslandi

Fylgiskjöl:

Leyfi ásamt fylgiskjölum þess